



Ártúnsskóli

Greinargerð með umsókn um endurnýjun Grænfána

1. Umhverfisnefndin

Í umhverfisnefnd Ártúnsskóla á hver bekkur (árgangur) tvo fulltrúa, tveir koma frá leikskóladeild og tveir úr hópi starfsmanna. Áhugasamir nemendur buðu sig fram og kosið var í hverjum bekk, en kennarar völdu fulltrúa leikskólans.

Formlegir fundir eru annan hvern mánuð að jafnaði, óformlegir vinnufundir eftir því sem verkefnin krefjast. Fundir eru leiddir af kennara en einkennast af virkri þátttöku nemenda.

Umhverfisnefnd fékk frá starfshópi kennara um umhverfismennt, fjórar tillögur að þema og eftir kosningu í nefndinni voru tvær tillögur jafnar. Þeim var vísað til skólastjórnenda til lokaákvörðunar, niðurstaðan varð að vinna með þemað VATN. Nefndin sá um mat á stöðu umhverfismála, markmiðasetningu og aðgerðaáætlun, en fékk stundum hugmyndir frá starfshópi kennara.

Umhverfisnefnd Ártúnsskóla 2024-25

2. fundur, 1.október

Dagskrá:

Nýtt þema fyrir Grænfánastarfið. Starfshópur kennara hafði lagt fram fjórar tillögur fyrir nefndina. Sesselja kynnti möguleikana og nemendur kusu um tillögurnar. „Vatn“ fékk flest atkvæði en „orka“ og „hnattrænt jafnrétti“ voru jöfn í öðru sæti. Niðurstaðan verður send skólastjórnendum sem taka lokaákvörðun.

Umhverfisnefnd Ártúnsskóla 2024-25

3. fundur, 5.nóvember

Dagskrá:

„Vatn“ er nýtt þema fyrir Grænfánastarfið. Umræður um hvað krakka langar að vita um vatn og hvort safna ætti hugmyndum frá öðrum nemendum. Samþykkt að fulltrúar í hverjum bekk safni hugmyndum (með aðstoð kennara) og þær verði síðan ræddar á fundi og valið úr. Sesselja skipuleggur þetta í samvinnu við umsjónarkennara og fulltrúa bekkjanna.

Ræktunurvagnarnir settir upp, sáð í potta og tengt á matsal.

2. Mat á stöðu umhverfismála

Við upphaf tímabilsins fylltu nemendur í umhverfisnefnd út gátlista frá Landvernd. Niðurstöðurnar voru notaðar til að setja markmið fyrir tímabilið og þau atriði sem nemendum þóttu mikilvægust voru sett á aðgerðalista.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið



LANDVERND

Ártúnsskóli, 2024-26: Markmið og aðgerðir

Markmið	Aðgerðir	Ábyrgir	Tímarammi	Mat
Allir í 1.-7.bekk fá að gera tilraunir með vatn	a. Hringekja hjá öllum árgöngum b. Allir nemendur heimsækja vatnsleikjasvæðið við Elliðaárstöð	Sesselja, Starfshópur kennara, Hringekjuteymi á yngra og miðstigi	Lokið í apríl 2026	Hringekjur heppnuðust vel. Vatnsleikjasvæðið var svo skemmtilegt að margir bekkir hafa farið þangað oftar en einu sinni.
Allir læra um það hvaðan vatnið kemur í skólann og hvert það fer	a. Yngri nemendur hlusta á söguna <i>Ferðalag Diddu dropa</i> https://ellidaarstod.is/osynilegt-verdur-synilegt/ferdalag-orkunnar/ferdalag-diddu-dropa/	Sesselja a. Kennarar á yngra stigi og leikskóla b. Kennarar á miðstigi	a. Umhverfis-dagur 22.apríl 2026 b. Nóvember 2025	Nemendum þótti sýningarnar yfirleitt mjög áhugaverðar. Í Perlunni safnaði hópurinn staðreyndum sem meira var unnið með í skólastofunni.

	b. Nemendur á miðstigi heimsækja sýninguna <i>Ósýnilegt verður sýnilegt</i> í Elliðaárstöð c. 6.bekkur skoðar <i>Vatnið í náttúru Íslands</i> og fleiri sýningar í Perlunni	c. Sesselja og Hörður	c. Mars 2026	Auk þessa fóru 2. og 3.bekkur á kynninguna <i>Hjarta strengir og vatnsæðar</i> í Elliðaárstöð
Nemendur á miðstigi fá að rannsaka ólíkt aðgengi barna um heim allan að vatni	Notum vefsíðuna: https://www.gapminder.org/dollar-street?topic=drinking-water&media=all	Umsjónarkennarar á miðstigi	Umhverfisdagur 22.apríl 2026	
Nemendur fræðast um Heimsmarkmið Sp. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna „6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða“ miðar að því að allir jarðarbúar fái aðgang að hreinu vatn fyrir árið 2030 Markmið 14 - Líf í vatni	a. Nemendur horfa á kynningu frá KrakkaRÚV, markmið 6: Heimsmarkmið - Spilari RÚV b. Nemendur horfa á kynningu frá KrakkaRÚV, markmið 14: Heimsmarkmið - Spilari RÚV	Umhverfisnefnd Kennarar	Umhverfisdagur 22.4.2026	

Fræðum aðra	Nemendur kynna vinnu sína með veggspjöldum og myndum.	Umhverfisnefnd	Apríl - maí 2026	
Veltum fyrir okkur mikilvægi vatns fyrir líf á Jörðinni	Teiknisamkeppni þar sem túlka á vatni og mikilvægi þess. Keppni í tveimur flokkum; 1.-3.bekkur og 4.-7.bekkur. Þrjár myndir úr hvorum flokki fá viðurkenningu, ein mynd valin til að túlka nýjan umhverfis-sáttmála	Stjórn FUÁ (nemendafélags) og umhverfisnefnd Bára og Sesselja	Janúar - febrúar 2026	Mikil þátttaka og margar vel ígrundaðar og fallegar myndir. Bestu þrjár úr hvorum flokki: 

4. Eftirlit og endurmat

Staðan hverju sinni var rædd á fundum umhverfisnefndar, markmið og aðgerðir endurskoðuð ef þurfa þótti. Lokamat kemur fram í aðgerðaáætlun, okkur finnst vel hafa tekist að bæta úr því sem nemendum fannst mikilvægast eftir stöðumatið í upphafi.

5. Námsfænisgerð og tenging við aðalnámskrá

Aðgerðaáætlun var fylgt, sjá nánar þar.



Stíflum vatnið

Flotkeppni

Pappírsgerð

Sigling

Fiskur í neti 3.ÓA

Myndlist 2.GK

Hringekjur á miðstigi: Orka og rafmagn, Hringrásarhagkerfi. Hæfniviðmið voru sótt í Aðalnámskrá, s.s. Náttúrugreinar; Nýting orku - rætt dæmi um framleiðslu og nýtingu á orku í daglegu lífi, og Samfélagsgreinar; Auðlindir - skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.



Stöðurafragn



Endurbólstrun stóla




Bekkir úr endurnýttu efni



Náttúrubingó

Nægjusamur nóvember varð leiðarljós við val á jólaföndri.

Matjurtaræktun var haldið áfram á skólalóð og í ræktunarvögnum á matsal (síðan 2019). Vinsælt er að grípa sér salatblað eða smakk af kryddjurtum þegar gengið er framhjá og mikil eftirvænting þegar gúrkur, tómatar eða baunir eru að þroskast.



Gúrka

Hjólabrautir

Sápukúlur

Plöntum trjám

Lærum að tengja kló

Verkefnið *Eitt af blómunum* tengdist grunnpáttunum *Heilbrigði og velferð* og *Jafnrétti*. Allir nemendur grunnskóladeildar lærðu lagið *Eitt af blómunum* og bjuggu til blóm sem táknaði þá sjálfa. Úr varð *Blómagarður Ártúnsskóla* sem sýnir að allir eru einstakir en samt hluti af fallegri heild.



Almennt þykir sjálfbærnimenntun mikilvæg. Síðustu tvö skólaár hefur *starfshópur um umhverfismennt* verið skipaður 4-5 kennurum sem meðal annars hafa mótað stefnu skólans um umhverfismennt og safnað efni í hugmyndabanka.



Í tónmennt var hlustað á tónverk um hafið og það túlkað með bláum litum. Einnig voru sungin ýmis lög sem fjalla um vatn í ýmsum myndum.

6. Kynning á stefnunni



Nemendur í umhverfisnefnd bjuggu til plaköt með myndum og fréttum af starfinu, þau munu hanga á veggjum skólans fram yfir skólalok svo gestir geti skoðað til dæmis á samskiptadegi og við skólaslit. Einnig geta þá nemendur séð hvaða verkefni aðrir bekkir unnu.

Í maí 2025 héldu tveir fulltrúar úr 7. bekk kynningu fyrir erlenda gesti skólans og sögðu frá ýmsu sem gert er í umhverfismennt.

7. Umhverfissáttmálinn

Ein myndanna í teiknisamkeppninni þótti lýsa mikilvægi vatns svo vel að hún sé í raun myndlýsing umhverfissáttmála. Teiknarar voru þrír nemendur í 5.bekk.

Henni fylgja orðin **VIRÐUM VATNIÐ** en sú hugmynd kom frá nemanda í 1.bekk og var samþykkt með nær öllum greiddum atkvæðum þegar allir nemendur skólans komu saman á sal..

